

Matvælaráðuneytið í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2023

## Efni

Umsögn Matís ohf. um tillögu til þingsályktunar um aukna verðmætasköpun við nýtingu þörunga, þingskjal 119 – 199. mál. 153. Lögjafarþing 2022-2023.

## Umsagnaraðili

Matís ohf., <https://matis.is/>

## Umsögn

Matís tekur fagnandi þingsályktunartillögunni um aukna verðmætasköpun við nýtingu þörunga. Hér að neðan er umsögn Matís um tillöguna.

## Stefna stjórnvalda

Eins og fram kemur í greinargerðinni er sjálfbær þróun náttúruauðlinda eitt af markmiðum stjórnarsáttmálans og fellur þörungaræktun og nýting sjávarþörunga að því markmiði. Fjallað er m.a. um rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar á útbreiðslu og magni klóþangs í Breiðafirði. Við teljum það afar mikilvægt að efla rannsóknir á þessum lífmassa víða um land og styðja þar með enn betur við sjálfbæra nýtingu á villtum þörungum.

## Bláa hagkerfið

Í greinargerðinni er nefnt að Matís ohf. hafi lagt töluverða áherslu á rannsóknir á nýtingu á þangi og þara. Við viljum undirstrika að rannsóknirnar okkar ná ekki einungis til þangs og þara, sem falla undir flokk brúnþörunga, heldur stórþörunga almennt. Við teljum að betur þurfi að skilgreina þörunga neðar í greinargerðinni. Rannsóknir okkar hafa auk þess beinst í síauknu mæli að nýtingu örþörunga, m.a. til framleiðslu á nýpróteínum (e. alternative proteins) í fóður og fæðu. Það felast margvísleg tækifæri í nýtingu og ræktun þörungar. Við teljum mikilvægt að efla rannsóknir og nýsköpun um allt land, m.a. tengt ræktun stórþörunga, sem er enn á byrjunarreit á Íslandi, ásamt vinnslu og verðmætaaukningu á stórþörungum á Íslandi. Auk þess er brýnt að tryggja matvælaöryggi þörunga til notkunar sem matvæli eða fæðubótarefni. Menntun og miðlun upplýsinga er einnig afar mikilvægur liður í þessu samhengi.

## Skilgreiningar

### Þörungar

Það er mjög mikilvægt að skilgreina betur hvað átt er við með þörungum. Þannig má nefna að stórþörungar eða botnþörungar flokkast að jafnaði í þrjá meginhópa: grænþörunga, brúnþörunga og rauðþörunga. Þessi flokkun er t.a.m. notuð af vísindaheiminum og þörungaræktendum. Þegar talað er um þang og þara er átt við ákveðnar tegundir af brúnþörungum, en fjöldi brúnþörunga er mun fleiri. Því leggjum við til að þessar skilgreiningar verði uppfærðar og skýrt notaðar í greinargerðinni.

Athugið að latneska heitið yfir beltisþara er nú *Saccharina latissima*.

## Loftlagsmál

Matís tekur undir að frekari nýting þörunga geti hugsanlega verið til hagsbóta fyrir umhverfið og að auka megi nýtingu á þörungum. Þetta er þó lítt rannsakað og nauðsynlegt að afla meiri þekkingar á þessu sviði, þ.á.m. hvaða áhrif þörungarækt hefur á lífríkið.

### Markaður fyrir þörunga.

Það eru mörg áhugaverð tækifæri fyrir íslenskan iðnað í ræktun og nýtingu þörunga. Því er mikilvægt að styðja við þessa tiltölulega nýju atvinnugrein á allan hátt. Sem dæmi má nefna að einungis einn aðili er með leyfi til að rækta stórþörunga, að því við best vitum, og umsóknarferlið óljóst og flókið þar sem sækja þarf um leyfi til nokkurra aðila. Einfalda má ferlið fyrir leyfisveitingar til þörungaræktunar og gera það skilvirkara. Einnig eru ýmsar hindranir við markaðssetningu á þörungum sem matvörur, sem tengjast matvælaöryggi, og mikilvægt að styðja við framleiðendur að yfirstíga þessar hindranir.

### Nýting þörunga.


Þörungar eru rík uppspretta ýmissa næringarefna, t.d. próteins, steinefna, jöðs, vítamína og fæðutrefja auk ýmissa lífvirkra efna. Því getur neysla þeirra haft heilsufarslegan ávinning, t.d. gegn jöðskorti en nýlegar rannsóknir sýna að jöðskortur er farinn að mælast á Íslandi vegna breytts mataræðis. Rétt er þó að benda á að þrátt fyrir að jöð sé nauðsynlegt næringarefni í réttu magni getur það verið skaðlegt heilsunni í of miklu magni. Þörungar innihalda einnig önnur snefilefni sem mögulega skortir í fæðu t.d. grænkeru og grænmetisæta.

Nauðsynlegt er að hafa matvælaöryggi í huga þegar nýta á þörunga til matar, sérstaklega stórþörunga. Helsta áhættan sem tengist matvælaöryggi er af jöði og þungmálum, t.d. kadmíum og ólífrænu arseni, einnig af kvikasilfri og blýi. Magn þessara efna í stórþörungum fer m.a. eftir tegund, aldri og vaxtarsvæði. Engir alþjóðlegir staðlar eða reglur eru til um matvælaöryggi afurða úr stórþörungum samkvæmt nýlegri norrænni skýrslu þar sem skoðuð var neysla á stórþörungum með hliðsjóna af matvælaöryggi en þetta verkefni var unnið af fulltrúum frá matvælastofnunum á Norðurlöndunum<sup>1</sup>. Í skýrslunni er tekið fram að taka þurfi tillit til þess í löggjöf að aðstæður á norðurslóðum og norrænar tegundir kunna að vera ólíkar aðstæðum og tegundum annars staðar.

Eins og kemur fram í greinargerðinni, þá er nýsköpun og fyrirtækjarekstur í tengslum við stórþörunga að miklu leyti á byrjunar- og vaxtarstigi. Tækifærin eru mörg og því ánægjulegt að sjá vaxandi áhuga á aukinni verðmætasköpun við nýtingu þörunga.

Við vonumst til að athugasemdir okkar geti stutt við skýrslu starfshópsins. Á Matís er mikil þekking á þörungum og nýtingu þeirra og sú þekking gæti nýst starfshópi með það að markmiði að kanna möguleika á aukinni verðmætasköpun við nýtingu þörunga.

Fyrir hönd Matís,



Rósa Jónsdóttir

Fagstjóri, Matís ohf.

<sup>1</sup> [Ný norræn skýrsla um bang og þara | Matvælastofnun \(mast.is\)](#)